

## Drög að áætlun um innleiðingu RDA skráningarreglnanna

Undanfarin ár hafa nýjar alþjóðlegar skráningarreglur, RDA (Resource description and access) verið í smíðum. Reglurnar eru þróaðar af þjóðbókasöfnum í Bretlandi, Bandaríkjunum, Kanada og Ástralíu. Þeim er ætlað að koma í stað AACR2 (Anglo-American cataloguing rules) sem hafa verið í gildi í langan tíma en þykja úreltar og verða ekki þróaðar lengur. AACR2 reglurnar miðast fyrst og fremst við prentað efni en RDA reglurnar taka til alls efnis, áþreifanlegs sem rafræns.

RDA reglurnar voru teknar upp í Library of Congress í mars 2013 og síðan hafa söfn víða um heim innleitt þær. Í Gegni er mikið af innfluttum færslum úr erlendum gagnagrunnum og eru þær í vaxandi mæli samkvæmt RDA reglunum.

Það er ljóst að til að fylgja þróuninni liggur fyrir að innleiða RDA skráningarreglurnar á Íslandi og eðlilegast að formleg ákvörðun um það verði tekin af Landsbókasafni, Landskerfi bókasafna og skráningarráði Gegnis.

Skráningarráð hefur gert drög að innleiðingaráætlun með tímasetningum sem það óskar eftir að tekin verði afstaða til á Landsbókasafni og í Landskerfi bókasafna.

Drögin eru sett fram með fyrirvara um fjármögnun og mannafla.

### Tímaáætlun

#### Apríl 2014

- Afritaðar RDA færslur úr erlendum gagnagrunnum
  - Leiðbeiningar um meðhöndlun birtar í Handbók skrásetjara Gegnis, [hask.landsbokasafn.is](http://hask.landsbokasafn.is)

#### Júní 2014

- Ýmsar leiðbeiningar birtar í Handbók skrásetjara Gegnis

#### September 2014

- Drög að innleiðingaráætlun skráningarráðs send landsbókaverði

#### Október 2014

- Upplýsingum um RDA innleiðingu dreift á Landsfundi Upplýsingar 2.-3. október

#### Nóvember 2014

- Fjallað um drög að áætlun um innleiðingu RDA á fræðslufundi skrásetjara 7. nóvember
- Þýðingarnefnd tekur til starfa
  - Stefnt er að því að þýða orðalista (Glossary = 62 bls.) og inngangskafli að RDA (Introduction = 15 bls.)
  - Nauðsynlegt vegna nýrra hugtaka og breyttrar orðanotkunar miðað við eldri reglur
  - Áætlaður kostnaður vegna aðkeyptrar vinnu 1.100.000 kr. m/vsk

#### Janúar 2015

- Verkefnisstjóri í hálfu starfi til eins og hálfis árs tekur til starfa
  - Áætlaður kostnaður 4.000.000 kr. + launatengd gjöld
- Innleiðingarteymi tekur til starfa
- Kennarateymi tekur til starfa
- Kortlagning séríslenskra frávika frá RDA
- Styrkumsóknir undirbúna

#### Febrúar 2015

- Erlend sérfræðiráðgjöf
  - Þjálfun fyrir RDA-þjálfara
    - Kennarateymi til útlanda, t.d. til British Library til að fylgjast með vinnulagi skrásetjara
    - Áætlaður kostnaður 900.000 kr.
- Prófunarumhverfi Gegnis undirbúið til að taka á móti RDA færslum og vinna úr þeim til leitar og birtingar í Gegni og á leitar.is
  - Þarfagreining
  - Indexering
    - Prófanir í prófunarumhverfi Gegnis
    - Birting í Gegni og á leitar.is

#### Maí 2015

- Erlendur sérfræðingur
  - Almennur fræðslufundur skrásetjara – erindi um RDA
  - Fræðsla um nafnmyndaskrá fyrir lykilmál
  - Fræðsla um RDA-Toolkit fyrir lykilmál
  - Áætlaður kostnaður 600.000 kr.
- Kennsluáætlun unnin
  - 150 skrásetjarar þurfa kennslu

#### Júlí 2015

- Raunumhverfi Gegnis undirbúið
  - Indexering
  - Aðlögun prófunarumhverfis yfirfærð á raunumhverfi

#### September - nóvember 2015

- Námsferð
- RDA handbók skrásetjara Gegnis
- Undirbúningur kaupa á RDA-Toolkit fyrir allt landið
  - Landsáskrift frá áramótum 2015-2016

#### Febrúar - apríl 2016

- Námskeið fyrir skrásetjara
  - Kennslu- og æfingaumhverfi tilbúið
  - Námskeið 10 klst. á hvern skrásetjara

Maí 2016

- Öll frumskráning skv. RDA
  - Skert afköst skrásetjara í upphafi
  - Heimildir skrásetjara sem ekki hafa sótt námskeið renna út

September 2016

- Eftirvinnsla
  - Að lokinni innleiðingu RDA tekur við tímabil samhæfingar
    - Bókfræðigögn ýmist skráð samkvæmt AACR2 eða RDA krefjast mismunandi úrvinnslu fyrir leitir og birtingu
    - Leitarniðurstöður og birting, þ.e. nýting gagnanna, þarf að verða ásættanleg
      - Hugsanlega þarf vélrænar breytingar á gagnagrunninum